

FRÁSÖGN

af fundi Evrópuráðsþingsins í Strassborg 22.–26. apríl 2013.

Af hálfu Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins sóttu fundinn Þuríður Backman, formaður, og Vilborg Ása Guðjónsdóttir, ritari. Helstu mál á dagskrá voru ofbeldi gegn trúarsamfélögum, baráttan gegn kynferðislegu ofbeldi og mansali á börnum og búferlaflutningar og hælisleitendur austan við landamæri Evrópusambandsins. Þá fóru fram utandagskrárumræður um sýrlenska flóttamenn í Jórdaníu, Tyrklandi, Líbanon og Írak.

Forseti Þýskalands, Joachim Gauck, ávarpaði þingið á fyrsta degi þingfunda og lagði í máli sínu áherslu á mannréttindamál. Hann kallaði eftir að aðildarríki Evrópuráðsins skuldbindu sig gildum og lagalegum stöðlum ráðsins og virtu dóma Mannréttindadómstóls Evrópu. Hann lofaði hlutverk Evrópuráðsins í baráttunni gegn kynþáttafordómum og mismunun, sem og hlutverk frjálsra félagasamtaka og borgaralegra samtaka í því sambandi.

Á fundi laga- og mannréttindanefndar þingsins lagði hollenski þingmaðurinn Pieter Omtzigt úr flokki kristilegra demókrata fram skýrslu um aðgreiningu pólitískrar ábyrgðar og refsíðabyrgðar, þar sem mál Geirs H. Haarde fyrir landsdómi var m.a. til umræðu. Þuríður Backman lagði fram sérbókun þar sem lagalegur grundvöllur landsdómsmálsins er útlistaður og rangfærslur í gögnum Omtzigt leiðréttar. Samkvæmt skýrslu Omtzigt eiga stjórnmalámennt að vera verndaðir gagnvart refsingu fyrir pólitískar ákvarðanir. Þuríður lýsti yfir öndverðri skoðun, – að hennar mati ættu öll ríki að hafa ferli sem tryggir að stjórnmalámenntum sé refsað fyrir gjörðir sem eru ekki einungis pólitískar heldur einnig refsiverðar í eðli sínu. Hún skýrði frá því að á Íslandi stæði nú yfir umræða um að draga úr vægi Alþingis í ákæruférlinu og færa valdið þess í stað yfir til ríkissaksóknara. Nefndin samþykkti skýrslu Omtzigt en felldi m.a. út málsgreinar um landsdómsmálið í ályktun skýrslunnar.

Í ályktun sinni um ofbeldi gegn trúarsamfélögum kallaði þingið eftir því að aðildarríki Evrópuráðsins tækju aðstæður og réttindi trúarsamfélaga til greina í samningum sín á milli og við þriðju ríki.

Í ályktun um baráttuna gegn mansali á börnum kallaði þingið eftir lagalega bindandi aðgerðum og stefnum, sem í fælist m.a. innleiðing á kerfum sem kæmu í veg fyrir að stórfelldir kynferðisafbrotamenn gætu ferðast á milli landa, aukið alþjóðlegt samstarf við saksókn kynferðisbrotamanna sem ferðast á milli landa og uppsetning trausts, miðlægs gagnagrunns. Samhliða fór fram umræða um herferð Evrópuráðsins gegn kynferðislegu ofbeldi gegn börnum, *Eitt af fimm* (e. One in Five). Herferðin, sem var sett á laggirnar í nóvember 2010, hefur það markmið að efla Lanzarote-sáttmála Evrópuráðsins sem snýr að vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi og auka vitund um mikilvægi þess að bregðast við þess konar brotum. Þingið ályktaði að enn væri hægt að efla herferðina og mælti með því við ráðherranefnd Evrópuráðsins að veitt yrði frekara fé til verkefnisins þar til því lýkur í nóvember 2014. Þuríður Backman tók til máls fyrir hönd síns flokkahóps og lagði í ræðu sinni áherslu á að öll ríki opnuðu fyrir opinbera umræðu um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og hræðilegar afleiðingar þess. Hún benti á að það þyrfti að vera skýrt skipulag til staðar til að takast á við brot af þessum toga á skilvirknan hátt. Þar væri m.a. mikilvægt að fólk sem ynni með börnum eða tækist á við mál sem þessi hefði fengið fræðslu um málaflokkinn, allt frá kennurum og heilbrigðisstarfsfólki til lögregluþjóna, lögfræðinga og dómara. Hún benti jafnframt á að þegar opnað væri fyrir umræðu um málaflokkinn væru allar líkur á að mikið af málum kæmi fram, bæði ný og gömul. Það hefði t.d. verið reynslan á Íslandi. Mikilvægt væri að efla dómskerfið til að það væri fært um að sinna öllum málum skilmerkilega. Þuríður minnti einnig á mikilvægi þess að þjóðir lærðu af reynslu hvers annars, t.d. hefði Barnahús á Íslandi tekist mjög vel til og önnur ríki litu nú til þess. Loks benti hún á að ekki væri hægt að líta fram hjá ábyrgð klámiðnaðarins, sem með myndum af

börnum í kynferðislegu samhengi normaliseraði kynlíf með börnum. Internetið hefði ýtt undir þessa þróun, sem mikilvægt væri að vera meðvitaður um og berjast gegn.

Þingið ákvað að fylgjast áfram með eftirfylgni Tyrklands við aðildarskuldbindingar sínar gagnvart Evrópuráðinu. Í ályktun sinni kemst þingið að þeirri niðurstöðu að laga- og stofnanalegt umbótaferli standi yfir en sé ekki lokið. Þingið lofaði endurbætur á ýmsum sviðum og efnahagslegar framfarir Tyrklands, en benti jafnframt á þau skref sem landið þarf að taka til að ljúka endurbótum á fullnægjandi hátt. Þar á meðal eru frekari endurbætur á stjórnarskránni, lög um meðferð sakamála, tjáningarfrelsi og lausn á deilunni við Kúrda.

Í ályktun um búferlaflutninga og hælisleitendur austan við landamæri Evrópusambandsins (ESB) komst þingið að þeirri niðurstöðu að auka þyrfti alþjóðlega samvinnu og deila betur ábyrgðinni með ESB. Bent var á að Tyrkland væri undir sérstöku álagi í þessu sambandi, en einnig væru Eystrasaltsríki, Úkraína, Móldóva og Rússland undir álagi. Þingið kallaði eftir að ríki austan megin við landamæri ESB jyku samstarf sín á milli og bættu getu sína til að takast á við hælisumsóknir.

Í utandagskrárumræðu um sýrlenska flóttamenn í Jórdaníu, Tyrklandi, Líbanon og Írak minnti þingið alþjóðasamfélagið á ábyrgð sína og lagði áherslu á mikilvægi þess að koma í veg fyrir að flæði flóttamanna yrði valdur að frekara ójafnvægi á svæðinu. Þá var í umræðunum lögð áhersla á þörf flóttamanna fyrir aðstoð og rætt um hvernig best væri að skipuleggja og styðja við alþjóðlega viðleitni í því sambandi.

Af öðru sem var samþykkt á þinginu má nefna ályktun um menntun ungmenna, aðgengi ungmenna að grundvallarréttindum, menningar- og menntamál í Evrópu, landamærastofnun Evrópu, nanótækni og siðfræði tækni og vísinda.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins og á vefsvæðinu www.assembly.coe.int.